



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 6. september 2023
MÍ202309-0013 / 6.07 / K.M.

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Suðurstrandarlínur 1, 2 og 3. Sveitarfélagið Ölfus.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Landsnet er framkvæmdaraðili. Í skýrslu Landsnets segir að fyrirtækið hyggist leggja nýjan 66 kV jarðstreng frá tengivirkini í Þorlákshöfn að tveim stórnottendum, laxeldisfyrirtækjunum First Water (áður Landeldi ehf.) og GeoSalmo. Fyrirtækin eru vestan við Þorlákshöfn. Um sé að ræða þrjá jarðstrengi sem séu 2-4 km langir, Suðurstrandarlínur 1, 2 og 3. Strengirnir verði að mestu í veg- og stígköntum og sé framkvæmdin alfarið innan Sveitarfélagsins Ölfuss. Strengirnir verði mikið til samsíða og heildarlengd lagnaskurða verði um 5 km. Suðurstrandarlínur 1 og 2 muni liggja um óraskað land á um 560 m kafla þar sem þeir liggja að lóð First Water. Í skýrslu Landsnets kemur fram að RARIK hyggist nýta tækifærið og plægja strengi samsíða strengjum Landsnets.

Fjallað er um fornminjar í kafla 4.4 í skýrslu Landsnets. Eins og þar kemur fram voru fornleifar skráðar í landi Þorlákshafnar árið 2021. Fyrir liggur skýrsla VG Fornleifarannsóknar, *Fornleifaskráning í landi Þorlákshafnar 2021 – Vettvangsskráning og söguágrip*. Auk þess liggja fyrir skýrslur Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2019, *Fiskeldi við Þorlákshöfn: Greinargerð vegna fornleifaúttektar innan skipulagsreits Landeldis* og frá 2022, *Deiliskráning fornleifa vegna uppbrygginingar eldisstöðvar Geo Salmo við Þorlákshöfn*. Skráningar Fornleifastofnunar taka til afmarkaðra lóða eins og nöfn skýrslnanna gefa til kynna.

Eins og fram kemur í skýrslu Landsnets lá gömul gata milli Selvogs og Þorlákshafnar. Gatan og vörður henni tengdar eru langstærstu hluti þeirra fornleifa sem skráðar eru á svæðinu. Engar fornleifar eru innan framkvæmdasvæðisins og í skýrslu Landsnet kemur fram að sú varða sem næst er framkvæmdasvæðinu er í um 40 m fjarlægð frá því.

Minjastofnun Íslands telur að fornleifum ætti ekki að stafa haetta af framkvæmdu við lagningu Suðurstrandarlína 1, 2 og 3. Stofnunin telur

Vakin er athygli á því að sku. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvörðanir Minjastofnunar Íslands sku. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnarsýslustigi og ekki kærarlegar til wðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að sku. 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur aðilt máls óskad eftir skriflegum rökstúðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi sílkur rökstúðningur ekki jyllt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstúðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

að gera þurfi verktökum grein fyrir fornleifum á svæðinu til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Að því gefnu að það verð gert telur Minjastofnun að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, huorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 11. september 2023
2308057HS SG

Efni: Suðurstrandarlínur 1, 2 og 3 - Umsögn um framkvæmd, nr. 0485/2003

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur móttekið tölvubréf Skipulagsstofnunar, dags. 14. ágúst, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar lagningar á þremur nýjum 66 kW jarðstrengjum frá tengivirkini í Þorlákshöfn að tveimur stórnottendum, laxeldisfyrirtækunum First Water og GeoSalmo.

Um er að ræða þrjá jarðstengi að heildarlengd um 5 km á svæði sem nýtur sérstakrar verndar laga um náttúruvernd, eins og segir í greinargerð. Strengirnir vera að mestu í veg og stígköntum og er framkvæmdir alfarið innan Sveitarfélagsins Ölfuss.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Ekki er minnst á í tilkynningunni að jarðstrengirnir þveri neysluvatnsagnir. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fer fram á að kortlagt verði hvar neysluvatnsagnir liggi í nálægð við fyrirhugaðar framkvæmdir og eftir atvikum aðrar lagnir í jörðu.

Að teknu tilliti til ofangreinds telur embættið að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umigengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdir skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Jafnframt þegar framkvæmdir eru inni á grannsvæðum vatnsvernda sbr. samþykkt nr. 326/2022 verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Sigrún Guðmundsdóttir


framkvæmdastjóri

Skipulags- og
byggingarfulltrúi

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b
105 Reykjavík

Bt. Jakobs Gunnarssonar



ÖLFUS

Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn, Iceland
+354 480 3800 olfus.is

Þorlákshöfn, 23. september 2023
Málsnúmer: 2309056

**Umsögn Sveitarfélagsins Ölfus um matskýrslu vegna
Suðurstrandalína 1, 2 og 3..**

Sveitarfélagini Ölfus hefur borist erindi þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn vegna áforma Landsnets ehf. um að leggja jarðstrengi frá tengivirkni landsnets við Þorlákshöfn að tveim fiskeldisfyrirtækjum vestan bæjarins.

Skipulagsvald er í höndum Sveitarfélagsins Ölfuss sem einnig er leyfisveitandi vegna útgáfu á framkvæmda- og byggingarleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda eftir því sem við á.

Bókun Skipulags- og umhverfisnefndar: Skipulags- og umhverfisnefndefnd telur að skýrslan geri vel grein fyrir framkvæmdinni og vísar í fyrri samþykktir sínar um auglýsingu á aðalskipulagsbreytingu vegna framkvæmdarinnar. Skipulags- og umhverfisnefnd sveitarfélagsins Ölfus er sammála þeirri niðurstöðu Landsnets sem fram kemur í kafla 5.3 í *Greinargerð með fyrirspurn um matsskyldu* að ekki sé um að ræða matsskylda framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Gunnlaugur Jónasson,
Skipulagsfulltrúi Ölfuss

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. september 2023
Málsnúmer: 202308-0018
IAS

Efni: Umsögn um matskyldu vegna Suðurstrandarlína 1, 2 og 3.

Vísað er í tölvubréf í gegnum Skipulagsgátt dags. 14. ágúst 2023, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn um greinargerð með fyrirspurn um matskyldu vegna Suðurstrandarlína 1, 2 og 3.

Landsnet hyggst leggja háspennta jarðstrengi frá tengivirknu norðvestan við Þorlákshöfn að starfsstöðvum raforkunotendanna First Water (áður Landeldi ehf) og GeoSalmo vestan við Þorlákshöfn. Um er að ræða þrjá jarðstrengi sem eru 2-4 km langir sem verða að mestu í veg- og stígköntum innan Sveitarfélagsins Ölfuss. RARIK hyggst nýta tækifærið og plægja strengi samsíða strengjum Landsnets.

Lagnaleiðin er utan verndarsvæða og mikilvægra fuglasvæða og gróðurfar er fábrotið, aðallega eyðihraunavist og mosahraunavist með miðlungs til lágt verndargildi.

Leiðin er hins vegar öll á nútímahrauni, Leitahrauni, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og skal forðast röskun þess nema brýna nauðsyn beri til. Fleyga þarf rás fyrir strengina niður í slétt helluhraun en um er að ræða skipulagt iðnaðarsvæði og að mestu er farið meðfram fyrirliggjandi vegum og stígum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinagerðina og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar og að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfallst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur



Qualified Electronic Signature

AXEL BENEDIKTSSON
2023-09-08 11:11:21 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature

BJÖRN STEFÁNSSON
2023-09-08 11:13:17 GMT
GoPro



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. september 2023

UST202308-121/B.S.

10.05.00

Efni: Matsskylda framkvæmda - Suðurstrandarlínur 1, 2 og 3. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 14. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að leggja þrjá jarðstrengi frá tengivirki við Þorlákshöfn. Strengirmir verða lagðir samsíða að nýjum iðnaðarlóðum. Heildar lengd skurða verðu um 5 km. Strengleiðin er að mestu í veg- og stígköntum.

Við lagningu strengjanna verður raskað Leitarhrauni sem er nútímahraun og rann yfir það svæði sem nú verður raska með nýjum götum og umfangsmikilli uppbyggingu vegna fiskeldis og annars iðnaðar á svæðinu. Þótt framkvæmdirnar séu stórar í sniðum ætti að leggja áherslu á að ganga vel um svæðið og vanda allan frágang.

Í samhengi við þau áform sem uppi eru um framkvæmdir í Leitarhrauni er strenglagning sem slík óveruleg aðgerð sem að álíti Umhverfisstofnunar mun ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í lögum um náttúruvernd stendur að forðast eigi að raska nútímahrauni og í því sambandi mætti skoða hvort strengleið á mynd 3.5 gæti legið um græft land ef hún yrði færð til austur um grónar lægðir að Laxabraut.

Gögn eru góð. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnuna ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Virðingarfyllist

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur